

STAÐA MÁLS

Málnr.:	M-01514/AIG-12
Dags:	4. Júlí 2014
Staður:	Við austurströnd Íslands
Lýsing:	Missti stjórn á flugvélinni í skýjum
Staða máls:	Júlí 2015: Í rannsókn Júlí 2016: Drög að lokaskýrslu skrifuð

Flugmaður á G-BYLB var að koma að austurströnd landsins og áætlaði landingu á Egilsstöðum eftir sjónflug yfir hafið frá Færeyjum. Við austurströnd landsins mætti hann skýjabakka sem hann ákvað að fljúga inn í og hækka flugið í trausti þess að fara yfir hann.



Þegar um það bil 7.000 feta hæð var náð var flugvélin enn í skýjum og gervísjónbaugur flugvélarinnar hætti skyndilega að virka. Flugmaðurinn var þá óviss um afstöðu flugvélarinnar í fluginu og setti hann því flugvélina í þannig afstöðu að hann gat flogið henni í hringi eða spuna niður fyrir skýin og rétt hana af. Flugmaðurinn flaug svo utan skýja og lenti á Egilsstaðaflugvelli.

Rannsóknin beinist meðal annars að því hvers vegna gervísjónbaugurinn hætti að virka og þá ákvörðun flugmannsins að fljúga úr sjónflugi og inn í ský.